



## Nesvegur 47 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /viðbygging

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. apríl 2025 var lögð fram fyrirspurn Bents Larsen Fróðasonar, dags. 17. mars 2025, um stækkun hússins á lóð nr. 47 við Nesveg sem felst í að reisa viðbyggingu á tveimur hæðum við húsið, samkvæmt fyrirspurnarupph. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. XXXX.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Borgarvefsjá



Tillaga af viðbyggingu

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Skjól, íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag né hverfissskipulag.

## Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að byggja tveggja hæða, 70 m<sup>2</sup> viðbyggingu samanber skissu hér til hliðar.

Viðbygging skal falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Lagt er til að minnka umfangið lítillega svo viðbyggingin falli vel að núverandi húsi.

Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir stækkuninni og skila inn skuggavarpi. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

Tafla 1 dagsetningar og tímar fyrir afhendingu skuggavarps

| Tími dags | Vetur 21/1 | Jafndægur 21/3 | Sumarsólstöður 21/6 |
|-----------|------------|----------------|---------------------|
| 07:00     |            |                | X                   |
| 10:00     |            | X              | X                   |
| 13:00     | X          | X              | X                   |
| 16:00     | X          | X              | X                   |
| 19:00     |            | X              | X                   |
| 22:00     |            |                | X                   |





## Niðurstaða

- Jákvætt að gera viðbyggingu samanber leiðbeiningum í umsögn.
- Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir stækkuninni og skila inn skuggavarpi.
- Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

## **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri og arkitekt



**Reykjavík**